



Samþykkt um styrki til námsleyfa embættismanna Akureyrarbæjar

1. Bæjarstjórn Akureyrar vill með samþykkt þessari stuðla að því að efla menntun og þekkingu embættismanna í samræmi við 5. grein starfsmanna-stefnu sinnar og reglur um launakjör embættismanna.
2. Árlega er greitt úr bæjarsjóði í námsstyrkjasjóð embættismanna sem svarar 4% af heildarlaunum ásamt launatengdum gjöldum embættismanna á viðkomandi ári.
3. Fræðslunefnd starfsmanna Akureyrarbæjar annast vörslu námsstyrkjasjóðs embættismanna og úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Við úthlutun styrks skal m.a. miðað við
 - þarfir bæjarfélagsins og starfsmanns fyrir þróun í starfi.
 - að þeir gangi fyrir sem stefna að a.m.k. þriggja mánaða samfelldu leyfi frá störfum hjá Akureyrarbæ.
 - að þeir gangi fyrir sem hafa ekki áður fengið styrk úr sjóðnum.
 - að þeir gangi fyrir sem hafa starfað lengst sem sérmenntaðir starfsmenn eða embættismenn hjá Akureyrarbæ.
4. Við úthlutun styrkja skal við það miðað að starfsmaður geti fengið styrk til þriggja mánaða leyfis eftir þriggja ára starf sem embættismaður. Réttur til styrks eykst um ein mánaðarlaun fyrir hvert ár umfram 3 ár til 9 ára starfsaldurs en hámarksstyrkur til eins árs leyfis fæst eftir 10 ár í starfi hjá bænum. Dreifa má leyfi yfir lengri tíma eða allt að 3 árum, t.d. ef stundað er nám í törnum með vinnu á milli. Líða þurfa a.m.k. þrjú ár frá því að námsleyfi lýkur áður en starfsmaður getur fengið styrk að nýju.
5. Námsstyrkir eru miðaðir við heildarlaun embættismanna. Styrkir eru greiddir sem laun og jafnframt eru greidd öll launatengd gjöld.
6. Styrkur til námsleyfis umfram 3 mánuði er bundinn skilyrði um áframhaldandi starf hjá bænum eftir að leyfi lýkur sem nemur þreföldum leyfistímanum.
7. Starfsmaður skal nýta a.m.k. 80% námstímans til skipulegs náms samkvæmt samkomulagi við yfirmann. Þess er ekki krafist að starfsmaður ljúki prófum en hann skal gera grein fyrir námi sínu með skýrslu til fræðslunefndar innan tveggja mánaða eftir að leyfi lýkur. Einnig er heimilt að óska eftir að starfsmaður kynni nám sitt á vettvangi sem fræðslunefnd eða yfirmaður ákveða.
8. Umsóknir um námsstyrki skulu sendar fræðslunefnd á sérstökum eyðublöðum og verða þær teknar til afgreiðslu tvisvar á ári, í apríl og október. Með umsókn um styrk til náms skal fylgja vottorð um samþykki yfirmanns.
9. Við upphaf náms skal styrkþegi leggja áætlun um námstilhögun fyrir yfirmann sinn og fræðslunefnd. Ef starfsmaður nýtir ekki leyfi sitt til náms sbr. 7. grein skal hann endurgreiða styrkinn í hlutfalli við þann tíma sem er ekki nýttur til náms.

Samþykkt í fræðslunefnd 20. apríl 2007.

Samþykkt stjórnarsýslunefnd 17. október 2007